

L Ö G

um viðauka við lög nr. 18 4. nóv. 1887, um veð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 4. gr. laganna komi nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Svo er og útgerðarmanni, framleiðanda sjávarafurða og landbúnaðarafurða og öðrum, sem vörur þessar hefur til sölumeðferðar, heimilt að setja banka eða sparisjóði að sjálfsvörzluveði afla og tilgreindar tegundir afurða og rekstrarvörur sjávarútvegs og landbúnaðar, sem veðsali á eða eignast kann á tilteknu tímabili, allt að einu ári í senn, til tryggingar lánum þeim, er hann tekur út á hin veðsettu verðmæti. Veðsetning þessi nær til afla og afurða án tillits til verkunar- eða framleiðslustigs, og nær veðrétturinn einnig til hvers konar veðbóta og gjaldeyrisfríðinda á afla eða afurðir á hverjum tíma.

Nú hefur eigandi veðsetts afla eða afurða afhent öðrum hinar veðsettu vörur, og öðlast veðhafinn þá veðrétt, sams konar og hann átti í aflanum eða afurðunum, í kröfu fyrri eiganda á hendur þeim, sem við hinum veðsettu afurðum tók, um endurgjald af hans hálfu fyrir afla þann eða afurðir, sem af hendi voru látin. Sá, sem við aflanum eða afurðunum tók, bakar sér gagnvart veðhafa ábyrgð á kröfu þessari, hafi hann greitt hana veðsala, áður en veðrétturinn í henni var niður fallinn.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að lækka lögákveðin þinglestrar- og stimpilgjöld af veðbréfum fyrir lánum þessum.

Víxlar til framlengingar á afurðavíxlum, sem Seðlabankinn endurkaupir, skulu undanþegnir stimpilgjaldi.

2. gr.

Ákvæði 89. gr. skiptalaga, nr. 3 12. apríl 1878, gilda eigi um veðrétt þennan, að undanteknum kröfum þeim, er um ræðir í 3. og 5. lið 83. gr. skiptalaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 34 31. maí 1927 og 1. gr. laga nr. 46 19. júní 1933.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.